

## ÍSLENSKUKENNSLA FYRIR ÚTLENDINGA

### Ársskýrsla 2015

Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir ár hvert styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í Þjóðskrá. Árið 2015 var þó samþykkt ný reglugerð sem kveður á um að hælisleitendur séu undanþegnir kröfu um skráningu í Þjóðskrá meðan málefni þeirra eru til skoðunar hjá stjórnvöldum.

Styrkir til íslenskukennslu eru veittir til fræðsluaðila er bjóða nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- og framhaldsskólastigi, sem og fyrirtækja og stofnana sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku. Fyrirtæki eða stofnanir sem eru á fyrirtækjaskrá og ekki eru fræðsluaðilar þurfa að hafa samning við hæfan viðurkenndan fræðsluaðila sem annast kennsluna.

#### Starfsemi

Umsóknarfrestir fyrir styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga voru tveir á árinu 2015; 5. janúar fyrir námskeið sem haldin voru á vorönn og 29. júní fyrir námskeið á haustönn.

Alls bárust 19 styrkumsóknir fyrir námskeiðahald á vorönn. Ein umsókn reyndist ógild og tvær umsóknir voru dregnar til baka. Mennta- og menningarmálaráðuneyti tók því afstöðu til 16 umsókna en í þeim var alls sótt um styrk til að halda 190 námskeið fyrir samtals 2.484 nemendur. Heildarfjárbeiðnir á vorönn námu alls rúmum 94 m.kr. og ákvað ráðuneytið að úthluta samtals rúmri 61 m.kr. til námskeiðshalda á tímabilinu. Niðurstaðan varð sú að 15 stofnanir héldu samtals 188 námskeið fyrir alls 2.157 nemendur á vorönn. Ein stofnunin þurfti að fresta námskeiðshaldi sínu fram yfir sumarið.

Alls bárust 16 styrkumsóknir fyrir námskeiðahald á haustönn en í þeim var sótt um styrk til að halda 169 námskeið fyrir samtals 2.185 nemendur. Heildarfjárbeiðnir á haustönn námu alls rúmum 77 m.kr. og ákvað ráðuneytið að úthluta samtals tæpum 47 m.kr. til námskeiðshalda á tímabilinu. Tvær stofnanir hættu við að halda námskeið en á móti kom að önnur stofnun, sem ætlaði að halda námskeið á vorönn, færði starfsemi sína yfir á haustönn. Niðurstaðan varð sú að 15 stofnanir héldu samtals 159 námskeið fyrir alls 1.936 nemendur á önninni.

Samtals bárust því 35 umsóknir um styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga á árinu 2015 þar sem sótt var um styrk til að halda 359 námskeið fyrir alls 4.669 nemendur. Heildarfjárbeiðnir ársins námu 171,8 m.kr.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti úthlutaði alls 107,9 m.kr. til íslenskukennslu fyrir útlendinga á árinu 2015. Alls voru haldin 347 námskeið fyrir 4.093 nemendur á árinu. Nánari útlistun á skiptingu úthlutunar til einstakra stofnana má sjá í meðfylgjandi töflum, aftast í þessu skjali.

Umsýslu sjóðsins önnuðust Helga Rún Viktorsdóttir og Júlíana Grigorova Tzankova, starfsmenn Rannís. Í október tók Jón Svanur Jóhannsson svo við allri umsýslu innlendra menntasjóða hjá stofnuninni. Rannís sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfræði, upplýsingagjöf til umsækjenda og greiðslur styrkja.

<b>Tafla 1. Listi yfir styrkþega á árinu 2015</b>			
<b>Nafn stofnunar</b>	<b>Fjöldi námsk.</b>	<b>Fjöldi nem.</b>	<b>Úthlutað</b>
<i>Austurbrú</i>	12	94	2.737.500
<i>Betri árangur</i>	15	184	3.850.000
<i>Farskólinn</i>	1	13	414.000
<i>Fræðslumiðstöð Vestfjarða</i>	8	89	1.800.000
<i>Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi</i>	26	258	7.515.000
<i>Jafnréttishús</i>	10	141	3.354.000
<i>Leikskólinn Ösp – Reykjavíkurborg</i>	1	24	425.000
<i>Málaskólinn Lingva</i>	10	375	6.330.000
<i>Mímir</i>	104	1.036	31.353.000
<i>MSS – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum</i>	12	143	4.800.000
<i>Múltikúlti – íslenska</i>	23	213	6.750.000
<i>Námsflokkar Hafnarfjarðar</i>	3	46	1.218.000
<i>Retor</i>	64	861	21.650.000
<i>Reykjavíkurborg</i>	3	39	1.035.000
<i>Saga Akademía</i>	18	209	5.452.500
<i>Símenntun Vesturlands</i>	4	46	1.214.000
<i>Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar</i>	22	227	6.495.000
<i>Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands</i>	1	18	200.000
<i>Þekkingarnet Þingeyinga</i>	10	77	1.347.000
	<b>347</b>	<b>4.093</b>	<b>107.940.000</b>

**Tafla 2. Listi yfir styrkþega á vorönn 2015**

<b>Nafn stofnunar</b>	<b>Fjöldi námsk.</b>	<b>Fjöldi nem.</b>	<b>Úthlutað</b>
<i>Austurbrú</i>	7	53	1.500.000
<i>Farskólinn</i>	1	13	414.000
<i>Fræðslumiðstöð Vestfjarða</i>	8	89	1.800.000
<i>Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi</i>	15	134	4.005.000
<i>Jafnréttishús</i>	5	48	1.554.000
<i>Málaskólinn Lingva</i>	4	195	3.450.000
<i>Mímir</i>	59	514	17.901.000
<i>MSS – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum</i>	12	143	4.800.000
<i>Múltikúlti – íslenska</i>	12	117	3.900.000
<i>Námsflokkar Hafnarfjarðar</i>	1	30	678.000
<i>Retor</i>	39	525	13.650.000
<i>Saga Akademía</i>	5	100	2.250.000
<i>Símenntun Vesturlands</i>	4	46	1.214.000
<i>Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar</i>	11	117	3.300.000
<i>Þekkingarnet Þingeyinga</i>	5	33	642.000
	<b>188</b>	<b>2.157</b>	<b>61.058.000</b>

**Tafla 3. Listi yfir styrkþega á haustönn 2015**

Nafn stofnunar	Fjöldi námsk.	Fjöldi nem.	Úthlutað
<i>Austurbrú</i>	5	41	1.237.500
<i>Betri árangur</i>	15	184	3.850.000
<i>Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi</i>	11	124	3.510.000
<i>Jafnréttishús</i>	5	93	1.800.000
<i>Leikskólinn Ösp – Reykjavíkurborg</i>	1	24	425.000
<i>Málaskólinn Lingva</i>	6	180	2.880.000
<i>Mímir</i>	45	522	13.452.000
<i>Múltikúlti – íslenska</i>	11	96	2.850.000
<i>Námsflokkar Hafnarfjarðar</i>	2	16	540.000
<i>Retor</i>	25	336	8.000.000
<i>Reykjavíkurborg</i>	3	39	1.035.000
<i>Saga Akademía</i>	13	109	3.202.500
<i>Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar</i>	11	110	3.195.000
<i>Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands</i>	1	18	200.000
<i>Þekkingarnet Þingeyinga</i>	5	44	705.000
	<b>159</b>	<b>1.936</b>	<b>46.882.000</b>

Reykjavík 28. júlí 2016

Jón Svanur Jóhannsson, Rannís